

## *Áhugahópur um auðlindir í almannabágu*

### **Fréttatilkynning:**

### **Heildartillögur um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða**

Áhugahópur um auðlindir í almannabágu hefur ítrekað bent á nauðsyn breytinga á lögum og reglum um stjórn fiskveiða.

Sl. vor sendi hópurinn frá sér þessa stefnumörkun:

- ◆ *Fiskistofnar verði varðveittir og arðsemi þeirra tryggð handa komandi kynslóðum.*
- ◆ *Tryggt verði fullt jafnræði í aðgengi landsmanna að auðlindum sjávar.*
- ◆ *Allir landsmenn njóti sambærilegrar hlutdeilda í afrakstri nytjastofna á Íslands miðum.*
- ◆ *Kvótakerfið verði opnað.*

Með fundarhöldum, skrifum, umræðum í fjölmöldum og vefsíðu sinni kvotinn.is, hefur hópurinn vakið athygli á baráttumálum sínum

Hópurinn telur brýna nauðsyn bera til, að óvissunni sem ríkir um gildi fiskveiðistjórnunarkerfisins verði eytt með þeim hætti, að þjóðarsátt geti náðst um fiskveiðistjórnunarkerfi sem er í samræmi við ákvæði stjórnarskráinnar um jafnræði og atvinnufrelsi, stuðlar að varðveislu og arðsemi fiskistofna, tekur eðlilegt tillit til hagsmunu þeirra sem sjávarútveg stunda um leið og kvótakerfið er opnað þannig að allir landsmenn eigi þess kost í framtíðinni kost að stunda fiskveiðar og njóta sambærilegrar hlutdeilda í afrakstri fiskveiða.

Hópurinn vekur athygli á að með dómi Hæstaréttar Íslands í málinu Valdimar Jóhannesson gegn íslenska ríkinu voru tekin af tvímæli um það, að núverandi fiskveiðistjórnarkerfi er ekki í samræmi við stjórnarskrá lýðveldisins. Þessi niðurstaða var síðan undirstrikuð með dómi héraðsdóms í svonefndu Vatnseyrarmáli. Hvernig svo sem Hæstiréttur dæmir í Vatneyrarmálinu liggur fyrir, að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi samræmist ekki jafnræðisreglu stjórnarskráinnar og stríðir auk þess gegn ákvæðum hennar um atvinnufrelsi.

Þeir sem sjávarútveg stunda geta ekki búið við þessa óvissu. Þjóðfélagið getur ekki búið við þessa óvissu. Það er ekki hlutverk dómstóla að setja lög, það er hlutverk löggjafarvaldsins, Alþingis. Alþingi getur ekki brugðist þeirri frumskyldu sinni að setja þjóðinni lög í mikilvægum málefnum eins og um stjórn fiskveiða þegar brýna nauðsyn ber til eins og nú. Alþingi á ekki að bíða dóms Hæstaréttar, heldur taka þegar í stað á vandanum til að eyða óvissu og tryggja stöðugleika.

Vegna þeirrar brýnu nauðsynjar sem er á skynsamlegri lagasetningu um stjórn fiskveiða, sem samræmist ákvæðum stjórnarskráinnar og þjóðarsátt ætti að geta náðst um, ákvað Áhugahópur um auðlindir í almannabágu að semja fullbúnar tillögur til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða. Áhugahópurinn telur, að með þessum tillögum náist þessi markmið og hvetur alþingismenn til að fylkja sér um lausn af þessum toga.

Tillögurnar og greinargerð með þeim fylgir ásamt tilheyrandi gögnum til skýringar.

Reykjavík 30. jan. 2000.

Í hópnum eru m.a.: Ellert B. Schram fv. alþingismaður  
Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur  
Jón Magnússon lögmaður  
Jónas Elíasson prófessor  
Markús Möller hagfræðingur  
Sigurður Björnsson rekstrarfræðingur  
Tryggvi Agnarsson lögmaður  
Vilhjálmur Þorsteinsson hugbúnaðarhönnuður  
Þorsteinn Vilhjálmsson prófessor  
Þorvaldur Gylfason prófessor  
Þórólfur Matthíasson dósent